



RÆTT VIÐ GUNNAR GUNNARSSON, UM FÖÐUR HANS, GUNNAR HANNESSON, LJÓSMYNDARA



„Hann hafði mikinn áhuga á garðrækt yfirleitt, en brátt þróaðist garðurinn út í að verða svo gott sem rósir eingöngu. Hann pantaði allar sínar rósir inn sjálfur og prófaði sig áfram með ýmsar tegundir og afbrigði og hikaði ekki við að saga niður tré og annað til að opna garðinn og grisja fyrir rósunum."

Ég held að hann hafi náð nokkuð langt í rósaræktuninni, því þó hann væri leikmaður var fólk farið að leita til hans með ýmis vandamál og vangaveltur í sambandi við rósir og ræktun þeirra."

— Þar fyrir utan var hann mikill íþróttamaður og vann mikið að íþróttamálum, ekki satt?


„Jú, hann var alla tíð eitilharður Víkingur og var m.a. einn af stofnendum skíðadeildar Víkings, var um skeið formaður félagsins og á seinni árum í fulltrúaráði þess. Hann var ákaflega félagslyndur að eðlisfari og hafði gaman af þessari starfsemi. Ég held að það sé óhætt að segja að hann hafi verið mjög léttur og yfirleitt var mikið líf í kringum hann. Hann talaði mjög hátt og var hávær og hann var fljótur að kynnast fólki, og t.d. voru margir af mínum vinum einnig vinir hans og ferðuðust með honum."

— Nú stendur yfir sýning á verkum föður þíns á Kjarvalsstöðum. Hvað geturðu sagt okkur um hana?

„Sýning þessi var fyrirhuguð nokkru áður en hann lézt og hann hafði sjálfur valið nokkrar myndanna, en það eru fyrst og fremst 3 aðrir menn, sem völdu restina og þessi sýning hefði aldrei komizt á laggirnar án þeirra hjálpar. Þetta eru þeir Haraldur J. Hamar, Mats Wibe Lund og Gísli B. Björnsson, en þeir hafa eytt ótal stundum við að velja myndirnar og síðan við að koma sýningunni upp. Myndirnar á sýningunni eru allar stækkaðar í Noregi og síðan settar á sérstakar álplötur frá Sviss.

Allar sínar myndir tók faðir minn á Nikon og lengst af Nikkonmat El. Frá fyrstu tíð notaði hann alltaf sömu filmuna, Kodachrome II. Það var ákaflega mikið verk að velja myndir úr öllum þeim fjölda mynda, sem eftir hann liggja. Myndirnar eru heldur ekki í nógu góðri reglu, þótt þær séu nokkuð vel varðveittar. Hann var mjög fljótur að velja sérstakt úrval og síðan var hann með afgangsmyndirnar í plastpokum. En hann flokkaði myndirnar ekki þannig að þær væru aðgengilegar fyrir aðra, né gerði skrá yfir þær, en þó vissi hann alltaf sjálfur hvar hverja mynd var að finna. En nú í dag virðast líkur á að samstarf náist við góða aðila um skrásetningu og dreifingu á myndum hans."

árós.



Árni Ásbjarnarson, Hveragerði:



Svalbarðsströnd við Eyjafjörð.

Álverksmiðja við Eyjafjörð?

Í Morgunblaðinu fimmtudaginn 9. sept. s.l. er sú frétt að fyrirhugaðar séu á næstunni könnunarviðræður á milli íslenskra og norskra aðila um stofnun álverksmiðju við Eyjafjörð. Þetta finnst mér svo ill frétt og óhugnanleg að ég get ekki látið hjá líða að lýsa andúð minni á þeirri hugmynd sem að baki hennar er. Í fyrsta lagi fæ ég ekki skilið hvaða tilgangi það þjónar fyrir okkar land og þjóð að auka hér stóriðju, sem án efa veldur aukinni mengun í lofti, á láði og í legi. Og það á þeim tímum sem okkur vantar fólk til starfa en ekki atvinnu fyrir fólkið. Á tíma þegar við flytjum úr landi mikið af okkar sjávarafurðum sem hálf unnið eða óunnið hráefni í stað þess að vinna það hér heima að sem mestu leyti í neysluhæfa matvöru. Auk þess sem margir möguleikar eru fyrir auknum iðnaði úr mörgum öðrum tegundum innlends hráefnis.

Staðarvalið:

Þá finnst mér staðarvalið hin mesta fjarstæða og ósvinna gagnvart verndun lands og lýðs. Eyjafjörður er ein veðurblíðasta sveit landsins. Hann er á annað hundrað km. á lengd frá ystu nesjum til innstu byggða með fjallaraðir á báðar hliðar. Við botn fjarðarins er höfuðborg norðurlands, Akureyri. Út með firðinum beggja vegna eru kaupstaðir og þorp. Veðráttu er þannig farið í þessari byggð að jafnvel á heitum sólardögum kemur hafgola inn fjörðinn síðari hluta dagsins og þar að auki gætir norðanáttar nokkuð inn fjörðinn, þegar hún ríkir fyrir norðurströnd landsins sem oft vill verða. Hugsum okkur hve mikilli hættu er stefnt að Akureyringum og innsveitungum Eyjafjarðar með því að reisa og reka álverksmiðju út með firðinum.

Heilsuhæli í Eyjafirði:

Um árabil hefir verið af Náttúrulækningafólki, bæði norðan lands og sunnan, unnið að undirbúningi byggingar náttúrulækningahælis í Eyjafirði. Fram undir þetta hefir slíku hæli helst verið hugsaður staður að Skjaldarvík, vestan megin Eyjafjarðar. Á síðustu mánuðum, eða frá því að heitt vatn tók að streyma úr iðrum jarðar um borholur við Laugaland á Staðarbyggð hefir þó fjölgað þeim sem vilja láta reisa nefnt hæli á Laugalandi, þar sem jarðhitinn er við höndina. Hvað sem endanlegt kann að verða um staðarval fyrir slíkan heilsubótarstað er það fjarstæða að hugsa sér verksmiðju í nágrenni hans.

Allir unnendur hreinleika og heilbrigðs lífs, leggjumst á eitt og frábiðjum okkur óhollustu stóriðnaðar hvar sem er á okkar fagra og góða landi og þó einkum inn í þröngum fjörðum og dölum því þar er mengunarhættan mun meiri en út á annesjum þar sem vindar ná betur að hreyfa loftið.

ÞJÓNUSTA ÁN AFGJALDS FYRIR ÖLL VERSLUNARFYRIRTÆKI

Við getum aðstoðað yður við að finna nýjar vörur

Í New York ríki fæst einna mest af verslunarvarning á byggðu bóli. Framleiðslan er gífurleg og verðlagið samkeppnishæft — allt frá rafeindakerfum og vélum til fatnaðar.

Þar er að finna vörur, sem fyrirtæki yðar kann að þarfnast nú þegar.

Við getum veitt yður opinbera ÞJÓNUSTU ÁN AFGJALDS og látið framleiðendur í New York ríki vita um þarfir yðar.

Allt sem þarf að gera er að skrifa okkur á bréfsefni fyrirtækis yðar, lýsa nákvæmlega vörunum, sem þér hafið áhuga á og hvernig þér hyggist nota þær. Látið okkur vita hvort fyrirtæki yðar mundi kaupa vörurnar fyrir eigin reikning eða í umboðssölu. Getið um banka yðar, viðskiptasambönd yðar í Bandaríkjunum eða annars staðar erlendis, venjulega greiðsluskilmála (bankaábyrgð eða annars konar) svo og aðrar upplýsingar sem seljanda koma að gagni.

Sendið bréf yðar í flugpósti til:
New York State Department of Commerce
DEPT. LAFC
International Division
230 Park Avenue New York, N.Y. 10017 U.S.A.
TELEX: 666705.

Þegar við fregnum frá yður munum við senda upplýsingarnar til framleiðenda í New York ríki, sem best geta þjónað fyrirtæki yðar. Þeir munu svara yður beint.
Svar berst fyrr ef beiðnir eru skrifaðar á ensku.

New York State
Skrifstofur í London og Tokyo
Við flytjum meira út en flest lönd.